

Sp.

413. Tillaga til þingsályktunar

[243. mál]

um hagnýtingu vindorku með vindrafstöðvum.

Flm.: Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til, að fylgst verði með þeim tækniframförum, sem átt hafa sér stað í hagnýtingu vindorku til raforkuframleiðslu, ef vera má, að nýttisku vindrafstöðvar séu hugsanlegur raforkugjafi á afskekktum sveitarbýlum, sem erfitt er að tengja samveitum.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið verulegar tækniframfarir í gerð vindrafstöðva. Það eru einkum Frakkar, sem að þessu hafa staðið, og eru vindrafstöðvar nú allalengar í Frakklandi. Nýlega hafa Norðmenn keypt nokkuð af vindrafstöðvum frá Frökkum og sett upp hjá sér á afsekktum stöðum, sem ekki verða tengdir samveitum með góðu móti.

Nýttisku vindrafstöðvar eru mun afkastameiri en áður var. Þær geta séð venjulegu sveitabýli fyrir raforku til ljósa, hita og annarra afnota. Þær þurfa mjög lítinn vindhraða til að skila fullum afköstum, en eru auk þess stundum tengdar rafgeymum, sem geta gefið raforku í 3—4 daga.

Vegna núverandi orkukreppu má gera ráð fyrir enn frekari endurbótum á vindrafstöðvum á næstu árum, sem æskilegt er að fylgjast með. — Á Íslandi er mjög vindasamt. Við eigum því vafalítið verulegan auð í vindorku í framtíðinni.

Hér á landi eru mörg sveitabýli, sem erfitt er að tengja samveitum vegna mikilla fjarlægða. Án rafmagns er ekki hægt að búa í sveit á Íslandi. Með nýttisku vindrafstöðvum mætti ef til vill bæta hér um á hagkvæman hátt og fyrr en ella. Ef viðkomandi býli legðist niður, er auðvelt að flytja vindrafstöðina og koma henni í eðlilegt verð.